

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. desember 2016
2016120001/42-2
TB
jgo/tb

Hveravelli þjónustumiðstöð, endurskoðun matsskýrslu

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 29. nóvember sl., þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu frá 1997 um uppbyggingu ferðaþjónustu Hveravallafélagsins á Hveravöllum. Skipulagsstofnun óskar eftir afstöðu og álit Náttúrufræðistofnunar á því hvort forsendur hafi breyst það mikið, frá því að fyrri úrskurðir Skipulagsstofnunar lágu fyrir, að það gefi tilefni til að farið sé í nýtt mat og vísar Skipulagsstofnun m.a. í breytingar á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytingar á náttúru- og umhverfisverndarlöggjöf, alþjóða skuldbindingar eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að skoða þetta mál án þess að benda á að verulegar breytingar hafa orðið á löggjöf um náttúruvernd, að nýtt landsskipulag hefur leyst skipulag miðhálandisins af hólmi og að horfa verður til þess að gríðarleg fjölgun hefur orðið á komu ferðamanna til landsins miðað við fyrir um 20 árum síðan þegar fyrra matið fór fram. Auk þess liggur fyrir tillaga til þingsályktunar á Alþingi um að gera miðhálandið að þjóðgarði og er nefnd að störfum sem fjallar um þá tillögu en nefndin á að skila af sér álit á næsta ári.

Í samantekt fyrir Hveravallafélagið er málið rakið ágætlega en samantekin er á engan hátt mat á umhverfisáhrifum í samhengi við breyttar aðstæður. Að vísu er fjallað um nýjar upplýsingar er varða t.d. öflun og notkun á heitu vatni. Fram kemur að áhrifin eru óviss og neikvæð, hægari hrúðurmyndun og vakta verður notkunina svo hægt sé að bregðast við ef áhrifin verða of neikvæð. Áhrifin eru að vísu ekki talin veruleg eða verri frá fyrra mati en samt eru uppi hugmyndir um að sækja meira vatn í borholu á Breiðamel. Það svæði er utan skipulagssvæðisins og utan við verndarsvæði hveranna, sjá bls. 26. Hvaða áhrif ný borhola kemur til með að hafa er óvíst. Samkvæmt þessu virðist sem það sé ekki fullljóst hvort nægt heitt vatn sé fyrir hendi, þ.e. án þess að áhrifin verði of mikil og því er það mat Náttúrufræðistofnunar að þetta eigi að skoða betur og eðlilegt að hugmyndir um nýja borholu væri þá hluti af nýju mati á umhverfisáhrifum. Í samantekinni er því haldið fram að ef vatn er tekið á Breiðamel verði um að ræða sjálfbæran áfangastað. Það eitt að nota endurnýjanlega orku, sem að vísu er ekki sýnt fram á að sé endurnýjanleg í samræmi við notkun, gerir ekki ferðamannastað sjálfbæran. Margt annað kemur til t.d. áhrif á myndun hverahrúðurs og þar



með áhrif á náttúruverndargildi svæðisins.

Í samantekt fyrir Hveravallafélagið segir á bls. 28. „Engar viðbótarupplýsingar eru til um gróðurfar og dýralíf á Hveravöllum til viðbótar þeirri skýrslu sem unnin var vegna matsskýrslu 1996." Hvergi er vísað í skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands, NÍ-09012, NÍ-09013, NÍ 09014 og NÍ 09015, sjá <http://www.ni.is/midlun/utgafa/skyrslur>, um náttúrufar og verndargildi háhitasvæða. Skoða þarf verndargildi háhitasvæða í heild og setja framkvæmdir á Hveravelli í það samhengi.

Í samantekt fyrir Hveravallafélagið kemur víða fram, sjá bls. 28, 31 og 35, að engar breytingar hafi orðið á lögum sem hafi áhrif á þá umhverfisþætti sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Þessi afstaða er ekki rökstudd. Benda má á nokkrar nýjar greinar í lögum um náttúruvernd sem ástæða væri til að skoða sérstaklega í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda á Hveravöllum og má hér nefna 2. og 3. gr. laganna og 6. til 12. greinar laganna sem fjalla um meginreglur auk þess sem náttúruverndarlög eru nú á margan hátt markvissari hvað varðar verndun landslags og óbyggðra víðerna svo eitthvað sé nefnt.

Niðurstaða

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að skoða þetta mál í heild sinni að nýju þar sem um 20 ár eru frá fyrra mati og margt breyst þó náttúrufar svæðisins hafi ekki tekið miklum breytingum. Mjög líklega er hægt að nota mikið af þeim náttúrufarsgögnum sem áður var safnað í nýju mati en taka þarf jafnframt tillit til nýrri gagna, sbr. m.a. tilvísun hér að ofan, um náttúrufar háhitasvæða og verndargildi þeirra, þ.m.t. Hveravelli, og er þar einnig að finna samanburð milli háhitasvæða og umfjöllun um verndargildi þeirra almennt. Eðlilegt er að hagsmunaaðilar geti tekið afstöðu til málsins á grunni nýjustu gagna í matsferli. Aðrar ástæður, sjá hér að neðan, eru að mati Náttúrufræðistofnunar einnig nægar til að rökstyðja að nýtt mat eigi að fara fram.

Hveravellir eru lítið svæði og tiltölulega „auðvelt“ að fá yfirsýn yfir náttúrufar þess en einmitt vegna þess hve svæði er lítið, viðkvæmt og sérstaða þess mikil er mjög vandasamt að skipuleggja það „rétt“. Sérstaklega þarf að skoða framkvæmdina í ljósi þess að hún hefur stækkað töluvert frá fyrra mati og því spurning hvort hún á yfirleitt að vera svo nálægt aðal hverasvæðinu/verndarsvæðinu og hafa bein áhrif á það þ.m.t. þann litla gróður sem þar er, þ.e. eiga ekki fleiri kostir um staðsetningu að vera í stöðunni. Skoða þarf framkvæmdina í ljósi þess að komu ferðmanna til landsins hefur fjölgað gríðarlega. Skoða þarf áhrif heildarnotkunar á heitu vatni á svæðinu m.a. í ljósi hugmynda um nýja borholu en ekki láta það bíða seinni tíma. Bera þarf saman nýtt landsskipulag fyrir miðhálandið og hugmyndir um aukna uppbyggingu á Hveravöllum með það fyrir augum að meta hvort þær samrýmist landskipulaginu enda málið að mörgu leiti fordæmisgefandi og því eðlilegt að þetta sé gert í matsferli. Skoða þarf framkvæmdina m.t.t. nýrra laga um náttúruvernd m.a. þeirra lagagreina sem vísað er til hér að framan.



Þó engin ákvörðun um þjóðgarð á miðhálandinu hafi verið tekin þarf að skoða fyrirhugaðar framkvæmdir á Hveravöllum í ljósi þeirra hugmynda.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

